



Reykjavík, 7. Júní 2018

Allsherjar og menntamálanefnd
Nefndadeild Alþingis
b.t. Kristjana Benediktsdóttir

Efni: Umsögn Háskóla Íslands um frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, 622. mál.

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 30. maí sl. þar sem óskað er eftir umsögn Háskóla Íslands um frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Innleiðing persónuverndarreglugerðarinnar, þ.e. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 sem frumvarpið byggist á, felur í sér umfangsmikla vinnu fyrir starfsfólk Háskólans. Vinna þessi er kostnaðarsöm og er ljóst að tryggja þarf stofnuninni auknar fjárheimildir vegna hennar, s.s. vegna kröfu reglugerðarinnar um að útnefndur verði sérstakur persónuverndarfulltrúi. Þá er regluverkið gríðarlega umfangsmikið og flókið. Er ein vika of stuttur frestur til að unnt sé að veita fullnægjandi umsögn um málið af hálfu Háskóla Íslands. Hér er þó rétt að benda á eftirfarandi:

1. Rétt er að kannað verði vel af löggjafans hálfu hvort undanþáguheimildir reglugerðar 2016/669 hafi verið nýttar með fullnægjandi hætti í frumvarpstextanum, m.a. þannig að heimildir til vinnslu persónuupplýsinga verði ekki takmarkaðri en þar er leyft. Sérstaklega þarf að huga að mismunandi áhrifum reglnanna á opinber stjórnvöld annars vegar og einkaaðila hins vegar.
2. Ákvæði 18. gr. frumvarpsins, sem byggist á 89. gr. reglugerðarinnar, geymir sérreglur um vinnslu vegna rannsókna á sviði vísinda eða sagnfræði eða í tölfræðilegum tilgangi. Í 2. og 3. ákvæðisins er nýtt heimild 89. gr. reglugerðarinnar til að gera undanþágur að því er varðar kröfur um upplýsingar og réttinn til leiðréttingar, eyðingar, til að gleymast, til takmörkunar á vinnslu, til að flytja eigin gögn og til að andmæla vinnslu persónuupplýsinga vegna skjalavistunar m.a. þegar um vísindarannsóknir er að ræða.

Telja verður þær undanþáguheimildir eðlilegar og jákvæðar fyrir vísindasamfélagið innan Háskólans.

3. Ákvæði 4. mgr. 21. gr. frumvarpsins varðar afhendingu gagna í tengslum við markaðssetningarstarfsemi og er framsetning þess til skýringar (m.v. gildandi rétt, sbr. 5. mgr. 28. gr. gildandi laga) hvað varðar heimildir nemendaskrár Háskóla Íslands til afhendingar gagna sem ætluð eru til slíkra nota.
4. Lagt er til að í 4. mgr. 46. gr. frumvarpsins verði felld á brott heimild Persónuverndar til að leggja stjórnvaldssektir á stjórnvöld og *stofnanir* sem falla undir gildissvið stjórnsýslulaga. Þess í stað orðist ákvæðið þannig: „Heimilt er að leggja sektir á einstaklinga og lögaðila. Ekki verða lagðar sektir á stjórnvöld og stofnanir sem falla undir gildissvið stjórnsýslulaga.“

Í frumvarpinu er þannig ekki gert ráð fyrir að heimild 7. mgr. 83. gr. reglugerðarinnar verði nýtt, en samkvæmt því ákvæði er valkvætt hvort aðildarríki kjósa að veita heimildir til stjórnvaldssekta gagnvart opinberum aðilum vegna brota á persónuverndarlöggjöfni. Er í frumvarpinu m.a. vísað til þess að önnur Norðurlönd hafi valið að nýta þá heimild. Samkvæmt frumvarpi til nýrra persónulaga í Finnlandi er þó ekki gert ráð fyrir að sektir verði lagðar á stjórnvöld, sbr. 25. Gr. frumvarps til nýrra persónuverndarlaga sem ætlað er að innleiða persónuverndarreglugerð ESB í finnskan rétt.¹ Í 25. gr. frumvarpsins segir þannig: „*Statliga myndigheter, statliga affärsverk, kommunala myndigheter, självständiga offentligrättsliga institutioner, riksdagens ämbetsverk eller republikens presidents kansli får inte påföras påföljdsavgift.*” Rökin fyrir þessari tilhögun eru rakin í finnska frumvarpinu og eiga þau rök við hér á landi. Þannig eru gerðar sérstakar kröfur til stjórnvalda og opinberra starfsmanna í löggjöfni. Stjórnvöld eru bundin af lögfestum og ólögfestum reglum stjórnsýsluréttar, þar með talið lögmætisreglunni, í störfum sínum. Opinberir starfsmenn bera mun ríkari ábyrgð í störfum sínum á grundvelli laga en starfsmenn á almennum vinnumarkaði, sbr. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 (starfsmannalög) og sveitarstjórnarlög nr. 138/2011. Opinberir starfsmenn sæta ábyrgð vegna réttarbrota í stjórnsýslunni á grundvelli starfsmannalaga, auk refsíábyrgðar og bótaábyrgðar.² Ákvarðanir stjórnvalda eru kærnanlegar til æðri stjórnvalda og stjórnvöld sæta eftirliti af hálfu umboðsmanns Alþingis, sbr. lög nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Við framangreint bætist síðan eftirlit með persónuverndarlöggjöfni af hálfu Persónuverndar. Opinberir starfsmenn bera þannig mun ríkari ábyrgð og sæta mun ríkara eftirliti sem slíkir en starfsmenn á almennum vinnumarkaði. Núgildandi lagarammi um ábyrgð opinberra starfsmanna og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslunni felur því í sér nægileg varnaðaráhrif gagnvart þeim.

¹ Frumvarpið er birt á heimasíðu finnska þingsins: Regeringens proposition RP 9 2018 rd, Regeringens proposition till riksdagen med förslag till lagstiftning som kompletterar EU:s allmänna dataskyddsförordning, https://www.eduskunta.fi/SV/vaski/HallituksenEsitys/Sidor/RP_9+2018.aspx#SaadosOsa Fjallað er um viðurlög stjórnvalda á bls. 20 og áfr. 25. gr. frumvarpsins er á bls. 131.

² Sjá t.d. Starfsskiýrði stjórnvalda, Skýrsla nefndar um starfsskiýrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslu. https://www.stjornarradid.is/media/forsaetisraduneyti-media/media/Skyrslur/F0033_Oll_skor.pdf

Við framangreint má bæta að fjárheimildir opinberra stjórnvalda byggjast á lögum. Opinber stjórnvöld starfa í þágu almennings en ekki í hagnaðarskyni og fyrirsvarsmenn opinberra stjórnvalda starfa í umboði almennings en ekki í eigin þágu. Verði stjórnvöld dæmd til sektargreiðslna vegna brota á persónuverndarreglum mun sá kostnaður á endanum lenda á almennum borgurum sem bera enga eða a.m.k. mjög takmarkaða ábyrgð á starfsemi stjórnvalda, ólíkt því sem gildir um eigendur fyrirtækja á almennum markaði.

Í Háskóla Íslands er nú unnið að innleiðingu persónuverndarreglugerðarinnar. Stýrihópur sem skipaður var af hálfu rektors skipti verkefninu í þrjá áfanga. Fyrsti áfangi fólst í gerð vinnsluskrár sem gerð er krafa um samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar. Var vinnsluskráin unnin í samráði við einstakar einingar Háskólans, en þær eru fjölmargar og heyra auk miðlægrar stjórnsýslu og Háskólaráðs undir fimm fræðasvið skólans og/eða 26 deildir skólans. Auk þess heyra yfir 130 stofnanir, rannsóknastofur undir þessa aðila. Þá eru ótaldar hinar fjölmörgu nefndir Háskólans. Fundað var með helstu aðilum og liggja nú fyrir drög að vinnsluskrá. Er gert ráð fyrir að vinna við annan áfanga hefjist á næstu dögum. Í öðrum áfanga verður m.a. tekin afstaða til eftirfarandi:

- *Persónuverndarfulltrúi.*
Taka þarf ákvörðun um hvernig Háskólinn muni bæta við hlutverki persónuverndarfulltrúa, s.s. hvort hann verði ráðinn inn, samnýttur með fleiri stofnunum eða verkefninu verði úthýst.
- *Upplýsingaöryggi og tilkynningarskylda um öryggisbrot.*
Ákveða þarf með hvaða hætti Háskólinn hyggist til framtíðar uppfylla ítarlegrar kröfur reglugerðarinnar um skjalfest upplýsingaöryggiskerfi sem taki meðal annars til reglulegs mats á hættum sem steðja sérstaklega að öryggi vinnslu persónuupplýsinga og kerfisbundins utanumhalds um þær öryggisráðstafanir sem innleiddar eru.
- *Innbyggð og sjálfgefín persónuvernd:*
Taka þarf ákvörðun um með hvaða hætti Háskólinn muni uppfylla kröfur um innbyggða og eftir því sem við á sjálfgefna persónuvernd. Þjálfa þarf starfsfólk í þessu skyni.
- *Sjálfvirk ákvörðunartaka og persónusnið:*
Mynda þarf ramma um notkun persónusniða og smíða ferli til að gæta að réttindum hinna skráðu við sjálfvirka ákvarðanatöku.
- *Innra eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga:*
Ákveða þarf hverjum verði falið innra eftirlit og hvernig því skuli háttað.
- *Vinnsluaðilar og vinnslusamningar:*
Marka þarf stefnu um hvernig vinnslusamningar eigi að líta út, svo sem hvaða skyldur verði þar lagðar á gagnaðila, hvernig fara eigi um tilkynningar á öryggisbrotum, hvaða kröfur verði gerðar varðandi upplýsingaröryggi, hvaða hlutar vinnslunnar verði hjá ábyrgðaraðila og hvað af henni taki vinnsluaðili til sín.
- *Upplýsingaréttur hins skráða, aðgangsréttur og rétturinn til að gleymast:*
Ákveða þarf hvort rétturinn til að gleymast eigi við um Háskólann, semja þarf ferli sem beiðnir hinna skráðu um upplýsingar og aðgang og beiðnir þeirra um að gleymast eru felldar í. Þá þarf að ákveða breytingar á upplýsingakerfum, afritunar- og úreldingarátætlun, skjalastjórnun o.fl.
- *Mörk persónugreinanlegrar vinnslu:*

Afmarka þarf eftir föngum hversu lengi vinnsla verði á persónugreinanlegu formi og hvenær því sleppi, svo gera megi upplýsingaverðmæti ópersónugreinanleg.


- *Mat á áhættu vinnslu og fyrirframsamráð Persónuverndar:*
- Koma þarf á ferli mats á því hvort ný eða breytt vinnsla persónuupplýsinga kalli á mat á áhættu hennar og í hvaða tilvikum kallað verði eftir fyrirframsamráði Persónuverndar.
- *Auðskiljanleg persónuverndarstefna:*
- Ákveða þarf með hvaða hætti Háskólinn muni bregðast við kröfum reglugerðarinnar um að setja sér sérstaka, auðskiljanlega persónuverndarstefnu.

Gert er ráð fyrir því að vinna við annan áfanga verkefnisins taki um fjóra mánuði. Þriðji áfangi felst loks í að innleiða umræddar breytingar inn í starfsumhverfi Háskólans með formlegum hætti, auk þess sem teknar verða ákvarðanir um hvaða aðgerðir verða settar í ferli fyrir síðari innleiðingu, t.d. árlega endurskoðun.

Að lokum skal áréttað mikilvægi þess að frumvarp þetta hljóti ítarlega skoðun og umfjöllun af hálfu nefndarinnar áður en það verður samþykkt sem lög frá Alþingi. Fari svo að málið verði ekki afgreitt á yfirstandandi löggjafarþingi er þess óskað að Háskóla Íslands verði veittur kostur á að koma að ítarlegri umsögn um málið. Er ástæðan m.a. sú að innleiðing reglnanna stendur nú yfir og líklegt að upp muni koma tilvik sem þarfnist frekari skoðunar.

Virðingarfyllst,

f.h. Háskóla Íslands



Jón Atli Benediktsson

rektor